

Hagnaður fyrri hluta ársins 1.299 milljónir króna

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 1.299 milljónum króna á fyrri árshelmingi 2026 samanborið við 1.137 milljónum króna á sama tímabili árið 2025.

Heildareignir sjóðsins námu 239 milljörðum króna í lok júní 2026 og jukust um 4,3% frá árslokum 2025 þegar þær námu 229 milljörðum króna. Útlán sjóðsins námu 221 milljarði króna í lok tímabilsins, samanborið við 212 milljarða króna í árslok 2025. Ný útlán á fyrri helmingi ársins námu 10,2 milljörðum króna samanborið við 9,4 milljarða króna á sama tímabili árið 2025. Útlán til sveitarfélaga voru í samræmi við áætlun sjóðsins á tímabilinu.

Verðbréfaútgáfa sjóðsins var 203 milljarðar króna í lok júní 2026 og jókst um 4% frá árslokum 2025 þegar hún nam 195 milljörðum króna.

Eigið fé Lánasjóðsins nam 28,2 milljörðum króna í lok júní 2026, samanborið við 26,9 milljarða króna í árslok 2025. Vegið eiginfjárhlutfall var 361% með nýtingu mildunarákvæðis, samanborið við 320% í árslok 2025.

Rekstur fyrstu 6 mánaða ársins

Fjárhæðir í m.kr.

	1.1.-30.6.26	1.1.-30.6.25	1.1.-30.6.24	1.1.-30.6.23
Hreinar vaxtatekjur.....	804	761	838	804
Aðrar rekstrartekjur	657	532	437	245
Almennur rekstrarkostnaður.....	-163	-156	-143	-133
Hagnaður tímabilsins.....	1.299	1.137	1.132	916

Efnahagur í lok tímabils

Útlán og kröfur.....	220.673	206.656	195.234	183.278
Handbært fé, ríkisbréf og -víxlar.....	10.265	8.747	8.121	7.767
Markaðsverðbréf, skuldabréf og aðrar eignir.....	7.772	3.956	3.691	2.196
Eignir samtals.....	238.710	219.359	207.046	193.241

Verðbréfaútgáfa.....	203.207	190.379	179.937	169.890
Aðrar lántökur, skuldir og skuldbindingar.....	7.294	3.049	3.253	1.577
Skuldir samtals.....	210.501	193.428	183.191	171.467

Eigið fé.....	28.209	25.930	23.855	21.774
----------------------	---------------	---------------	---------------	---------------

CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	54,9%	54,4%	53,8%	54,3%
CAD- hlutfall m/fullri mildun*.....	361%	364%	410%	579%
Vogunarhlutfall.....	11,8%	11,8%	11,5%	11,3%

* Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði vegna útlána til sveitarfélaga í íslenskum krónum sem eru með veð í tekjum sveitarfélaga.

Framtíðarhorfur

Lánasjóður sveitarfélaga gerir ráð fyrir að eftirspurn eftir útlánum verði svipuð og árið 2025. Starfsemi sjóðsins verður áfram rekin með sambærilegum hætti og áður, með áherslu á skilvirka þjónustu við sveitarfélög og ábyrga fjármögnun. Þá verður áfram lögð áhersla á að nýta sterkt lánstraust sjóðsins til að tryggja hagkvæma og stöðuga fjármögnun sveitarfélaga til framtíðar.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.